

|  |                                  |                                       |                 |
|--|----------------------------------|---------------------------------------|-----------------|
| <b>FUNDARGERÐ</b>                                  |                                  |                                       |                 |
| Efni fundar:<br>Heilsueflandi samfélag, stýrihópur |                                  |                                       |                 |
| Dagsetning:<br>7.júní 2023                         | Tími:<br>14:00                   | Staður<br>Leikskólar – Fundarherbergi | Nr. fundar<br>1 |
| Fundaritari:<br>Kristín                            | Viðstaddir:<br>Fjarverandi: Ívar | Útrentun dags.<br>15.9.2023           |                 |
| Viðtakendur<br>Sunna, Svanhvit og Helga            |                                  |                                       |                 |

| Atriði nr. | Efni   | Niðurstaða – Til upplýsingar (T), Til umræðu (U), Ákvörðun (Á) | Ábyrgð           |
|------------|--|--|------------------|
| 1.         | Kynning á efni frá healthy cities um að aðgerðaráætlun fyrir heilsueflandi samfélag frá Alþjóðaheilbrigðisstofuninni. Talað um mikilvægi þess að hafa gott aðgengi að hreyfingu og setja heilsu í öll stefnumál sveitarfélagsins.  | Til umræðu   | Kristín          |
| 2.         | Kynning á ráðstefnu sem Kristín sat með heilsuúræði fyrir 60+ Mikil áhersla er á það frá ÍSÍ og ríkinu. Auka aðgengi og efla hreyfingu eldra fólks. Hugsanlega samstarf við félag eldri borgara og Diljá sem hefur verið með leikfimi fyrir eldri borgara með verkefni í vetur. Kristín fundar með Diljá, sækir um styrki og kynnir verkefni í haust.  | Til upplýsingar  | Kristín          |
| 3.         | Hugmyndir að þema verkefnum fyrir „Hreyfing og samvera“ Koma með hugmyndir að samveru og auglýsa á facebook síðu.  | Til umræðu   | Kristín          |
| 4.         | Leggja fyrir sveitarstjórn kaup á þremur bekkjum frá fyrirtækinu Hella. Kostnaðurinn er 526.500 kr fyrir þrjá bekki með 10% afslætti og innifalið er logó sveitarfélagsins Mýrdalshrepps. Ræddar voru staðsetningar og ákveðið að fara í gönguferð 23.júní á jónsmessu þar sem allir eru velkomnir með. Stýrihópur heilsueflandi samfélags sér um þessa gönguferð og verður fólki gefið tækifæri á að koma skoðunum sínum á framfæri með staðsetningu bekkjana. Sunna gerir auglýsingu.<br>Kristín sér um erindi til sveitarstjórnar | Ákvörðun   | Kristín og Sunna |
| 5.         | Heilsudagar í september. 23-30.september er Íþróttavika Evrópu. Hægt að sækja um styrki og hugmynd er að hafa heilsudaga Mýrdalshrepps á sama tíma og sækja um styrki til að setja upp hugmyndir af æfingum og gönguleið á milli bekkjana sem verða settir upp. Bekkirnir verða vígðir á heilsudögum í september. Kristín sér um að sækja um styrk fyrir heilsueflandi samfélag.   | Ákvörðun   | Kristín          |

|    |   |                 |         |
|----|---|-----------------|---------|
|    |   |                 |         |
| 6. | Hugmynd kom að senda erindi á skipulags og umhverfisráð að leyfa heilsueflandi samfélagi að koma að grænum svæði sveitarfélagsins. Hugmyndir voru að gera aðgengi betra að grænum svæðum til að efla hreyfingu íbúa. Viljum við í stýrihópnum koma að skipulagningu að Guðlaugarblett, Jón Gunnars blett o.s.frv. Margar skemmtilegar hugmyndir ræddar. | Til umræðu      | Kristín |
| 7. | Farið yfir komandi verkefni, setja upp bekki, viðra hugmynd að úti líkamsrækt og heilsudögum í september.   | Til upplýsingar | Kristín |
| 8. |   |                 |         |